

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um utanlandsferðir á vegum ráðuneytisins.

1. *Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:*
 - a. *ráðherra,*
 - b. *yfirstjórn,*
 - c. *almennir starfsmenn,*
 - d. *starfsmenn stofnana á málefnasviði ráðherra, sundurliðað eftir stofnunum?*

Utanlandsferðir ráðherra.

2016	2017	2018	2019
9	13	5	3

Ferðir ráðherra 2019 eru taldar fram til 30. september. Auk þess fóru ráðherra og aðstoðarmaður tvær ferðir fyrir utanríkisráðherra á árinu 2019.

Utanlandsferðir yfirstjórnar.

Yfirstjórn er skilgreind hér sem ráðuneytisstjóri, skrifstofustjórar og aðstoðarmenn ráðherra. Hvoru tveggja aðstoðarmenn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og aðstoðarmenn ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra eru hér meðtaldir þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með starfsmannamál ráðuneytisins.

2016	2017	2018	2019
44	41	46	24

Utanlandsferðir almennra starfsmanna.

2016	2017	2018	2019
159	142	138	86

Utanlandsferðir starfsmanna stofnana.

	2016	2017	2018	2019
Fiskistofa	36	33	50	29
Hafrannsóknastofnun	123	197	184	159
Matvælastofnun	113	104	125	65

2. Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?

Ferðirnar voru ekki kolefnisjafnaðar, hvorki hjá ráðuneyti né stofnunum.

3. Er til fjarfundabúnaður í ráðuneytinu eða í framangreindum stofnunum og ef svo er, hvar?

Já, fjarfundabúnaður er til í ráðuneyti og öllum stofnunum.

*4. Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?**Fundir haldnir með fjarfundabúnaði.*

	2016	2017	2018	2019
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	13	21	42	40
Fiskistofa	7	13	27	49
Hafrannsóknastofnun				345
Matvælastofnun	33	37	37	23

Fjöldi funda hjá ráðuneytinu og Hafrannsóknastofnun eru áætlaðar. Hafrannsóknastofnun áætlaði einungis fyrir árið 2019. Tölur um fjölda fjarfunda hjá Fiskistofu og Matvælastofnun byggjast á gögnum.